

Ársskýrsla Blábankans 2021



Blábankinn
The Blue Bank





Blábankinn var stofnaður árið 2017 sem vettvangur fyrir nýsköpun og sjálfbærni á Vestfjörðum.

Markmið Blábankans eru að:

- Skapa alþjóðlegan vettvang fyrir nýsköpun og sjálfbærni
- Vera fyrirmynd fyrir nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar
- Auka lífsgæði fólks á Þingeyri

Árið 2021 var fjórða heila starfsár Blábankans. Árið var ólíkt öðrum vegna heimsfaraldarsins og þurftu allir rekstraraðilar að aðlaga sig nýjum aðstæðum.



Blábankinn
The Blue Bank

Hjá Blábankanum var samvinnurýmið nýtt til fleiri lengri dvala en fjöldi notenda fækkaði yfir árið. Mörgum viðburðum var breytt vegna aðstæðna og fluttir á netið, frestað eða þátttakendum fækkað til að fylgja sóttvarnarreglum.

Breytingar innan Blábankans

Í september árið 2021 urðu skipti hjá bankastjóra Blábankans. Birta Bjargardóttir tók við af Valdísi Evu Hjaltadóttur sem hafði verið í forstöðu Blábankans síðan haustið 2020.

<https://www.visir.is/g/20212147255d/tekur-vid-sem-bankastjori-bla-bankans-a-thing-eyri>

Tekur við sem bankastjóri Blábankans á Þingeyri

Atli Ísleifsson skrifar © 25. ágúst 2021 13:31



Stjórn

- Ketill Berg Magnússon, stjórnarformaður
- Arna Lára Jónsdóttir, Nýsköpunarmiðstöð
- Bryndís Ósk Jónsdóttir, Ísafjarðarbær
- Helgi Ragnarsson, Arctic Fish
- Agnes Arnardóttir, Íbúasamtökin Átak

Stefnumótun Blábankans

Vorið 2021 var haldinn stefnumótunarfundur þar sem horft var fram á veg í starfi Blábankans næstu árin. Í stefnumótuninni voru tekin fyrir hlutverk, framtíðarsýn og markmið Blábankans.



Blábankinn
The Blue Bank

Hlutverk Blábankans

Blábankinn er vettvangur fyrir nýsköpun og sjálfbærni á Vestfjörðum.

Framtíðarsýn Blábankans er að hann verði eftirsóttur samstarfsaðili fyrir samfélagslega nýsköpun og sjálfbærni sem skapar virði fyrir einstaklinga og samfélög.

Markmið Blábankans

- Skapa alþjóðlegan vettvang fyrir nýsköpun og sjálfbærni
- Vera fyrirmynd fyrir nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar
- Auka lífsgæði fólks á Þingeyri

Helstu verkefni ársins 2021:

Startup Westfjords

Nýsköpunarhraðallinn Startup Westfjords var haldinn í þriðja sinn haustið 2020 en vegna heimsfaraldurs endaði hemillinn á að fara fram á netinu. Vorið 2021 náði hópurinn síðan að koma saman á Þingeyri. Viðburðurinn var markaðssettur undir heitinu nýsköpunarhemill (decelerator).



Dagskránni var skipt í tvennt og fyrri hlutinn var fluttur á netið þar sem þátttakendur fengu handleiðslu af reyndum ráðgjöfum. Seinni hluti dagskrárinnar fór fram í febrúar 2021 þar sem þátttakendur dvöldu á Þingeyri og unnu í verkefnum sínum og nutu handleiðslu og fyrirlestra.

Í september 2021 var Startup Westfjords haldinn í fjórða sinn og var þemað framtíðarlífnaðarhættir. Öll dagskrá fór fram á staðnum. Alls voru 10 teymi valin til að taka þátt og voru verkefnin margs konar, þ.á m. samfélagsgrænmetisræktun, endurnýting á rafmagnssnúrum í hversdagslega hluti, náttúran og sýndarveruleiki, og umhverfissvæn endurhönnun á heimilistækjum og -munum.



Blábankinn
The Blue Bank



Helstu styrktaraðilar Startup eru Vestfjarðarstofa, Öll vötn til Dýrafjarðar, Kerecis, KPMG, 66°Norður og Arctic Fish.

Stafrænir flakkarar (Arctic Digital Nomads)

Árið 2021 var þriðja ár alþjóðlega samstarfsverkefnisins stafrænir flakkarar á norðurslóðum (ADN) sem Blábankinn átti frumkvæði að. Verkefnið felst í að kynna norðurslóðir fyrir stafrænum flökkurum, eða þeim sem ferðast og vinna á sama tíma. Markmið þess er að laða fjölbreyttara atvinnulíf til afskekktara byggða.

Vefurinn www.arcticdigitalnomads.com er kominn í loftið, sem og reikningar á samfélagsmiðlum. Þetta hefur aukið aðsókn hjá öllum fjórum samstarfsaðilum ADN verkefnisins.

ADN heldur áfram árið 2022 með auknum áherslum á Störf án staðsetningar og vinnufrí („workation“).

Samstarfið er styrkt af NORA og Öll vötn til Dýrafjarðar.



Blábankinn
The Blue Bank

Frumkvöðlamiðstöðin

Í Blábankanum er rekið bjart og opið samvinnurými sem hægt er að leigja til lengri eða skemmri tíma.

Rýmið er nýtt af nokkrum einstaklingum sem búa á svæðinu sem og stafrænum flökkurum sem ferðast til Þingeyrar í nokkra daga, vikur eða mánuði og taka vinnuna með sér.



Blábankinn
The Blue Bank

Nýr vefur

Glæsilegur nýr vefur Blábankans var settur í loftið sumarið 2021. Sjá www.blabankinn.is.

Hönnun og útlit voru í höndum Rubén Chumillas, listamanns og stafræns flakkara frá Spáni sem var hjá okkur í Blábankanum 2020-21. Jóhann Ingi Skúlason sá um forritun og uppsetningu og Íris Indriðadóttir hélt utan um verkefnið.

Blábankinn sem samfélagsmiðstöð - áhrif á atvinnulíf og samfélag

Athafnaklúbbur Þingeyrar

Athafnaklúbbur Þingeyrar var stofnaður 2020 og er markmið klúbbsins að styðja við einyrkja og fyrirtæki sem þegar eru í rekstri á svæðinu til að takast á við umbreytingar og síbreytilegar aðstæður, s.s. byggðaþróun, orkuskipti, breyttar ferðavenjur, sjálfbærni, samgöngur og upplýsingatækni.

Á árinu 2021 hittist klúbburinn reglulega, bæði í Blábankanum og á netinu. Eitt helsta samstarfsverkefni þessa árs var að setja saman sameiginlega dagskrá um páskana. Blábankinn hélt utan um verkefnið og lét útbúa veggspjald sem sýndi alla dagskrána. Samstarfsverkefnið heppnaðist mjög vel en því miður þurfti með litlum fyrirvara að hætta við alla viðburði í kringum páskana um gjörvallt landið sökum heimsfaraldurs.

Íbúasamtökin Átak

Hluti af stefnu og verkefnum Blábankans er samfélagslegur stuðningur og starfar Blábankinn náið með Íbúasamtökunum Átak til að styðja við þróun samfélagsins og sameina krafta þessa aðila. Blábankinn heldur fundi og viðburði tengt íbúasamtökunum og bæjaryfirvöldum.

Öll vötn til Dýrafjarðar

Framkvæmdastjóri Blábankans tók við stjórnarsetu í verkefni Byggðastofnunar um brothættar byggðir, „Öll vötn til Dýrafjarðar“. Sem stjórnarmaður kemur framkvæmdastjóri að styrkúthlutunum ásamt eftirfylgni verkefna og samvinnu við verkefnisstjóra verkefnisins.



Annað

Ýmislegt annað gerðist á árinu 2021 í Blábankanum og á vegum hans, þó að heimsfaraldur hafi vissulega sett strik í reikninginn.

Haldin voru opin hús, m.a. almennt til að kynna starfsemi Blábankans og nýjan bankastjóra, sem og regluleg opin hús hjá Íbúasamtökunum.

Boðið var upp á vinnustofur og námskeið, þ.á m. um hollt nammi, tálgunarnámskeið og töfranámskeið.

Einnig var reglulega í boði að mæta í Blábankann á borðspilakvöld og á þrjónakvöld.

Tekið var á móti ýmsum góðum gestum, m.a. frá Háskólasetri Vestfjarða og Listaháskóla Íslands.

Netfyrirlestrar fyrir Fræðslumiðstöð Vestfjarða um nýsköpun og starfsemi Blábankans fóru fram.

Hús Blábankans

Það voru ýmsar betrubætur og breytingar innanhúss í húsnæði Blábankans að Fjarðargötu 2.

Gamalt og illa farið eldhús var fjarlæggt og bókasafnið var gert aðgengilegra m.a. með því að setja hjól á bókaskápana.

Veggur var settur upp í samvinnurými á efri hæð þannig að hægt er að loka hluta af rýminu af fyrir fundaraðstöðu ef vill. Inngangur inn í rýmið sem Arctic Fish er með á leigu var byggður.

Þjónustumiðstöð

Blábankinn býður upp á að hýsa og veita þjónustu fyrir bæði opinbera sem einkaaðila. Mest fer fyrir gjaldkerþjónustu Landsbankans, en þjónusta var veitt í um 500 skipti á árinu á hans vegum. Einnig er hægt að panta og skila bókum frá bókasafninu á Ísafirði.

Blábankinn veitir íbúum tölvuaðstoð auk aðstöðu til að prenta og skanna. Var þessi þjónusta nýtt um 30 sinnum á árinu.

Þingeyri er sá byggðarkjarni sem lengst er frá íbúamiðju sveitarfélagsins Ísafjarðarbæjar. Blábankinn veitir því þjónustu og er tengiliður við sveitarfélagið fyrir Þingeyri.

Blábankinn vill auka upplýsingaflæði og hefur unnið við að setja upp upplýsingahorn í húsnæðinu fyrir íbúa, gesti og áhugasama varðandi samfélagið og þróun á Þingeyri.



Samstarf

Blábankinn var í samstarfi við fjölmarga aðila og stofnanir á árinu 2021. Má þar nefna Fab Lab á Ísafirði, Djúpið í Bolungarvík, Vestfjarðastofu, Byggðastofnun og verkefnið „Öll vötn til Dýrafjarðar“, Skúrina á Flateyri, Háskólasetur Vestfjarða, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Ísafjarðarbæ o.m.fl.

Umfjöllun

Eitt af markmiðum Blábankans er að efla ímynd sína og þingeyrar. Á árinu var fjallað um Blábankann og verkefni hans í nokkrum af helstu fjölmiðlum landsins. Eins var umfjöllun um starfsemina í erlendum miðlum.

Víða var fjallað um skipti bankastjóra Blábankans, þ.á m. á Vísi og í Viðskiptablaðinu:

<https://www.vb.is/folk/blabankinn-raedur-nyjan-bankastjora/>

<https://www.visir.is/g/20212147255d/tekur-vid-sem-banka-stjori-bla-bankans-a-thing-eyri>

Startup Westfjords fékk talsverða umfjöllun, þ.á m.:

Viðskiptablaðið:

<https://www.vb.is/frettir/hemill-en-ekki-hradall/>

BB.is:

<http://www.bb.is/2021/08/blabankinn-startup-westfjords-2021/>

N4:

<https://www.facebook.com/watch/?v=394290768707126>

Úr Vör:

<https://www.urvor.is/post/nyskopunarhemill-blabankans>

Folha de S.Paulo (Brasilía):

<https://www1.folha.uol.com.br/mercado/2021/12/desaceleradoras-de-startups-oferecem-detox-em-ilhas-paradisiacas-para-reencontrar-proposito.shtml>

